

ÚTDRÁTTUR ÚR STEFNU ÍSLENSKRA VERÐBRÉFA HF. UM HAGSMUNAÁREKSTRA

Íslensk verðbréf hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og veitir einkum þjónustu á sviði eignastýringar og verðbréfamiðlunar. Viðskiptavinir félagsins eru breiður og fjölbreyttur hópur einstaklinga og lögaðila og er þjónusta sú sem veitt er sniðin að óskum og þörfum hvers og eins. Það leiðir af eðli starfseminnar að við ákveðnar aðstæður kunna hagsmunir eins viðskiptavinar að rekast á við hagsmuni annars viðskiptavinar eða hagsmuni félagsins sjálfs.

Í því skyni að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar hafi neikvæð áhrif á viðskiptavini félagsins, orðspor þess eða verðbréfamarkaðinn í heild hefur félagið sett sér stefnu um hagsmunaárekstra.

Samkvæmt stefnunni leitast félagið við að:

- greina og tiltaka þær aðstæður sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum sem hafa í för með sér verulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist.
- koma á fót og tiltaka aðferðir sem félaginu ber að fylgja og ráðstafanir sem beita skal í því skyni að hafa stjórn á slíkum hagsmunaárekstrum.
- viðhalda virkum kerfum til þess að koma í veg fyrir að viðskiptavinir verði fyrir skaða vegna hagsmunaárekstra sem greindir hafa verið.

Í stefnunni felst einnig að félagið tekur sjálft ekki stöður í einstökum fjármálagerningum í hagnaðarskyni.

Meðal ráðstafana sem félagið notar til að greina og hafa stjórn á þeim hagsmunaárekstrum sem kunna að koma upp í starfseminni eru:

- Félagið takmarkar upplýsingaflæði milli starfssviða með aðskilnaði í húsnæði og eru aðgangstakmarkanir í formi talnalása.
- Einstaklingum úr starfslíði Íslenskra verðbréfa hf. er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga án fyrirfram skriflegrar heimildar regluvarðar og að farið sé eftir reglum félagsins um eigin viðskipti starfsmanna.
- Beiðnir um viðskipti eru afgreiddar í þeirri röð sem þær berast.

Unnt er að óska eftir nánari upplýsingum um stefnu félagsins um hagsmunaárekstra með því að senda beiðni á netfangið regluvarsla@iv.is